



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 33/2019

## Brot Töruþrix gegn ákvörðun Neytendastofu

### I.

#### Málmeðferð

##### 1.

Í bréfi Neytendastofu til Töruþrix ehf., dags. 9. maí 2019, kom fram að stofnuninni hefði borist ábending um fullyrðingar um virkni vara SKINNY COFFEE CLUB í auglýsingum félagsins.

Í bréfinu er til þess vísað að með bréfi Neytendastofu, dags. 18. mars 2019, hafi stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að Töruþrix hafi með fullyrðingum „*Kaffi getur: læknisfræðilega sannað að fólk missi kíló. Læknisfræðilega viðurkennt að það verði sjáanlegur munur á viku. Eykur efnaskipti. Misstu þessi óþörfu kíló á einungis viku. Minnkar matarlist og þörf í auka bita. Meiri orka yfir allan daginn. Mikil virkni á stuttum tíma með endingargóðum árangri. Gefur húðinni meiri ljóma. Brennir fitu hratt og eykur efnaskipti. Hjálpar við að viðhalda þyngd eftir þyngdartap. Minnkar þrota hratt t.d. á maga og eftir barnsburð. Meiri vellíðan og þú lítur betur út. Sjáanlegur árangur á einungis viku. Afeitrar líkamann. Einnig eru til dæmi um að exem hjá fólki hafi minnkað þegar kaffið er drukkuð.*“ brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, var Töruþrix bönnuð frekari birting fullyrðingarinnar án skýringa um það hvað felist í henni.

Af ábendingunni að dæma, sem og skoðun Neytendastofu á vef Töruþrix, torutrix.is, virtist félagið, þann 9. maí 2019, ennþá birta auglýsingar um vöru SKINNY COFFEE CLUB þar sem eftirfarandi er fullýrt:

„*Kaffið getur:*

*Læknisfræðilega sannað að fólk missi kíló*

*Læknisfræðilega viðurkennt að það verði sjáanlegur munur á viku*

*Eykur efnaskipti*

*Misstu þessi óþörfu kíló á einungis viku*

*Meiri orka yfir allan daginn*

*Mikil virkni á stuttum tíma með endingargóðum árangri*

*Gefur húðinni meiri ljóma*



*Brennir fitu hratt og eykur efnaskipti  
Hjálpar við að viðhalda þyngd eftir þyngdartap  
Minnkar þrota hratt t.d. á maga og eftir barnsburð  
Meiri vellíðan og þú lítur betur út“.*

Til álita komi hvort brotið hafi verið gegn ákvörðun Neytendastofu sem birt var með bréfi stofnunarinnar, dags. 18. mars 2019, og hvort tilefni sé til þess að gripið verði til sekta samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005.

## 2.

Svar barst með tölvupósti þann 9. júní 2019, þar sem fram kom að löngu búið væri að taka auglýsingarnar út og að félagið ætlaði að hætta sölu á kaffinu.

Með bréfi Neytendastofu dags. 15. júlí 2019, var Töruþrix tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

## II.

### Niðurstaða

Mál þetta varðar brot Töruþrix ehf. á ákvörðun Neytendastofu sem birt var með bréfi stofnunarinnar, dags. 18. mars 2019. Með ákvörðuninni var Töruþrix bönnuð birting fullyrðinganna um virkni vara SKINNYCOFFEECLUB án viðeigandi sannana. Um var að ræða brot gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í ákvörðunarorðum kom fram að yrði ekki farið að banninu mætti búast við að tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Þrátt fyrir að í skýringum Töruþrix hafi komið fram að löngu væri búið að taka auglýsingarnar út og að félagið ætlaði að hætta sölu á kaffinu liggur fyrir samkvæmt ábendingu og skoðun Neytendastofu á vefsíðu Töruþrix, torutrix.is, þann 9. maí 2019, að félagið birti enn fullyrðingar um virkni vara SKINNYCOFFEECLUB og braut þannig gegn ákvörðun Neytendastofu.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið og til þess að tryggja varnaðaráhrif telur Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimildir laga.

Með vísan til alls framangreinds og að teknu tilliti til skýringa fyrirtækisins og samstarfsvilja þess, umfangs brotsins, fyrri sektarákvarðana stofnunarinnar og að teknu tilliti til meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa rétt að leggja á Töruþrix ehf.,



stjórnvaldssekt að fjárhæð 150.000 kr. (eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Törutrix ehf., Tunguvegi 72, Reykjavík, braut gegn ákvörðun Neytendastofu, sem birt var með bréfi stofnunarinnar, dags. 18. mars. 2019, með birtingu fullyrðingar um virkni vara SKINNYCOFFEECLUB.**

**Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Törutrix ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 150.000 kr. (eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“**

Neytendastofa, 29. ágúst 2019

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Arnadóttir